

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/02

nr. 2/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 846/2014 frá 4. ágúst 2014 um breytingu á viðauka D við tilskipun ráðsins 92/65/EBE að því er varðar skilyrði er varða gjafadýr af hestaætt (¹).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/514/ESB frá 31. júlí 2014 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Suður-Kóreu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundæði (²).
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1 og í 15. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 8.1:

„– **32014 R 0846**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 846/2014 frá 4. ágúst 2014 (Stjttíð. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 5).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 98. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/261/ESB) í hluta 4.2:

„99. **32014 D 0514**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/514/ESB frá 31. júlí 2014 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Suður-Kóreu til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundæði (Stjttíð. ESB L 231, 2.8.2014, bls. 11).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 846/2014 og framkvæmdarákvörðunar 2014/514/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

(¹) Stjttíð. ESB L 232, 5.8.2014, bls. 5.

(²) Stjttíð. ESB L 231, 2.8.2014, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.